

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2022

2022/EES/45/08

frá 18. mars 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1812 frá 1. desember 2020 um að setja reglur um gagnaskipti á Netinu og um tilkynningu um ESB-gerðarviðurkenningar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjóð ESB L 104, 25.3.2021, bls. 55.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 51a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„51b. **32020 R 1812:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1812 frá 1. desember 2020 um að setja reglur um gagnaskipti á Netinu og um tilkynningu um ESB-gerðarviðurkenningar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858, sbr. leiðréttingar í Stjóð ESB L 104, 25.3.2021, bls. 55.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1812, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjóð. ESB L 104, 25.3.2021, bls. 55, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 49/2022 frá 18. mars 2022 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 404, 2.12.2020, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 182, 7.7.2022, bls. 20, og EES-viðbætur nr. 45, 7.7.2022, bls. 11.